

Símafundur GDLH 17.maí 2011.

Mættir voru Oddrún Sigurðardóttir, Erla Gylfadóttir, Lárus Hannesar, Sigurður Ævarsson, Ingibergur Árnason og Sigurður Halldórsson.

1. Niðurröðun á mót.

Helgin 4. og 5. júní verður erfið helgi að manna dómara. Mörg mót þessa helgi. Rætt var um að koma nýdómurum í gang strax, fá þá til að rita gæðingamót Fáks þannig að þeir getir verið virkir þessa stóru umræddu helgi. Hestamannafélögin Sóti og Máni eru búin að færa mótin sín til sem léttir strax á.

Fara verður í það núna að raða niður á þau mót sem eru fram að LM 2011.

2. Landsmótsdómarar

Eftirfarandi dómarar eru komnir á lista um að dæma LM2011.

Ingibergur Árnason

Ágúst Hafsteinsson

Ásmundur Þórisson

Logi Laxdal

Erlendur Árnason

Valur Valsson

Halldór Svansson

Pétur Vopni

Sævar Leifsson

Einar Örn Grant

Bernt Runne Skullevold

Johannes Hoyos

Lárus Hannesson

Einnig Marioline T., Sindri Sig., Davíð Jóns. og Valdimar Ólafsson.

Lárus Hannesar mun fara með þennan lista á fund dómaranefndar sem verður nk. föstudag. Fundarmenn símafundarins vildu koma því að að þetta yrði ekki endanlegt val, heldur tillögur. Endanlegt val yrði svo þegar nær drægi LM 2011. Fundarmenn voru sammála því að hafa dómarahópinn stærri en minni.

Umræða var um að hafa dómaravalið ekki endanlegt strax þar sem allar úrtökur væru eftir og það þyrfti að skoða það hvort einhver dómrari sem væri á listanum væri ekki að standa sig í dómgæslunni. Umræða skapaðist um það hvort það væri réttmætt að „skoða“ eða fylgjast með dómurum og ekki allir sammála því. Sigurður Halldórsson var ekki sammála því að skoða ætti dómara. Þeir væru dómarar og ætti því að treysta þeim fyrir þessu verkefni. Aðrir fundaramenn, Sigurður Ævarsson og Erla Gylfadóttir vildu koma því að að það væri í raun ekki verið að skoða neinn sérstaklega en ef það væru ítrekuð frávik eða stórir endurteknir gallar (t.d. kýrstökk, slæm hegðun) í dómgæslu hjá ákveðnum dómurum þyrfti að það sérstaklega.

3. Peningamál

Á stóru mótunum, þ.e. gæðingamót/úrtaka hjá Fákí eru dómarar fleiri en færri. Ekki eru alltaf allir að dæma í einu. Rætt var um að dómarar yrðu sanngjarnir varðandi laun, rukkuðu ekki full laun allt mótið heldur bara þær klukkurstundir/þá flokka sem þeir dæmdu. Þannig var hátturinn hafður á á sl.Reykjavíkurmestaramóti Fáks og gafst vel að sögn Sigurðar Ævarssonar.

Lárus Hannesar mun hitta Harald Gunnarsson framkvæmdastjóra LM 2011 á næstu dögum og ræða við hann um laun dómara á LM 2011. Lárus H. ætlar að mælast til þess að laun og annað verði sambærilegt og samið var um síðast (LM sem átti að vera 2010).

Eftirlitsdómari á LM 2011. Menn hafa heyrt af því að skera eigi jafnvel niður störf eftirlitsdómara á LM 2011. Því er stjórn GDLH algerlega ósammála og mun stjórnin kanna það betur og beita sér fyrir því að eftirlitsdómari verði á LM 2011.

Fundarritari ,

Erla G. Gylfadóttir